



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Gullborg

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Gleði, sköpun og vinátta.....	3
1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	4
3. Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	6
4. Innra mat Deilda	8
4.1 Innra mat Regnbogadeildar.....	8
4.2 Innra mat Grænu deildar.....	10
4.3 Innra mat Rauða deild.....	12
4.4 Innra mat Bláa Deild	14
4.5 Innra mat Gula Deild	15
5 Innra mat sérkennslu.....	17
6 innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	19
7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla, samstarf leikskóla og grunnskóla.	21
8 Foreldrasamvinna.....	22
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	23
Fylgiskjöl	23



Leiðarljós leikskólans: Gleði, sköpun og vinátta.

1. GREINARGERÐ LEIKSKÓLASTJÓRA

Það sem hefur einkennt leikskólastarf Gullborgar veturinn 2023-2024 er lærdómssamfélag, samvinna og gleði. Lærdómssamfélag sem hefur einkennst af samstarfi og þróunarverkefnum við nær samfélagið í innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur og Barnasáttmálann. Frá því að Menntastefnan leit dagsins ljós árið 2018 þá hafa Gullborg, Grandaborg og Ægisborg verið í samstarfi að elstu börn leikskólana tengist félagslega í gegnum starf leikskólanna og að þau eflist sem fullgildir þátttakandi í lærdómssamfélagi áður en að þau byrja í sama hverfis grunnskóla. Þessir fjórir skólar eru saman í Erasmus verkefni ásamt fjórum skólum frá Stokkhólmi. Fyrirkomulag fræðslunnar og umræður hafa verið á sameiginlegum skipulagsdögum, fundum og dagleg umræða og handleiðsla til starfsfólks. Í október fengum við svo heimsókn frá Svíþjóð, þá komu kennarar, skólastjórnendur, leiklistarkennari og starfsfólk frá Kungsholmen. Í þrjá daga voru tveir kennarar frá Svíþjóð hér hjá okkur í leikskólanum. Þessi samvinna hefur skilað sér í mikilli ígrundun hjá starfsfólki varðandi eigið starf og leikinn hjá börnunum. Þetta verkefni hefur staðið yfir í tæp tvö ár og sjáum við breytingu á þekkingu starfsfólks á hlutverki sínu í leik og starfi. Nú á vordögum fóru þrír fulltrúar frá hverjum þessum skólum ásamt Önnu Magneu Hreinsdóttur frá HÍ og Kristínu Hildi Ólafsdóttur frá SFS í heimsókn til Stokkhólms og voru okkar kennarar í þrjá daga inni á leikskólum í Kungsholmen. Mikil ígrundun og nærandi ferð fyrir alla aðila.

Gullborg varð réttindaskóli Unicef nú í júní og fengum við viðurkenningu þann 6. júní, og hefur það verið skemmtileg samvinna við Laugasól, Grandaborg, Ævintýraborgir við Eggertsgötu, Vinagerði og Ungbarnaleikskólann við Bríetartún varðandi þetta verkefni í vetur. Við höfum haldið sameiginlega starfsmannafundi ásamt starfsfólki Unicef á Íslandi og Kristínu Hildi Ólafsdóttur frá SFS. Þetta verkefni hættir ekki þó svo að við verðum Réttindaskóli þar sem réttindi barna eru alltaf í forgrunni og miðast okkar vinna að því að stuðla að vellíðan barna. Ávinningur fyrir börn í leikskólum er að starfshættir í leikskólunum taki mið af Barnasáttmálanum og að börnin fái tækifæri til að vera sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun. Veturinn 2023-2024 einkenndist af gleði starfsfólks og frábærri samvinnu okkar allra.

Rannveig Anna Ólafsdóttir leikskólastjóri.



2. INNRA OG YTRA MAT LEIKSKÓLANS FYRIR 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Stjórnunarhættir	Starfsmanna-könnun	Allir starfsmenn Gullborgar	Góðir stjórnunarhættir, góður starfsandi og gott stjórnunarteymi. Alltaf hægt að gera betur og stefnum við að því.
Uppeldis og menntastarf	Deildafundir, Deildastjórafundir, samvinna með öðrum skólum, HÍ og SFS	Allir starfsmenn Gullborgar. Einnig börnin á deildum.	Þróunarstarfið hefur gengið mjög vel og eru áætluð áfram veturinn 2024-2025
Gullborg sem réttindaskóli	Deildafundir, Deildastjórafundir, fundir með öðrum skólum í verkefninu, HÍ, SFS og Unicef	Stjórnendateymi skólans ásamt starfsfólki og Unicef.	Gullborg verður réttindaskóli þann 6. Júní 2024.
Félagsfærni og sjálfsefning	Deildafundir, fundir með 3 öðrum leikskólum og starfsfólk HÍ og SFS og samstarfsskólum í Stokkhólmi.	Allir starfsmenn	Höldum áfram að vinna að sjálfsefningu og félagsfærni barna, efla leikinn og þátttöku starfsfólks í leik barna.




Mannauður/ leikskólabragur	Starfsmanna- könnun, starfsmanna- fundir	Allir starfsmenn	Sterkur hópur starfsfólks í Gullborg, góð samskipti og samvinna en getum alltaf bætt okkur
---------------------------------------	---	-------------------------	---

Ytra mat 2023


Gullborg tók þátt í viðhorfskönnun á stofnun ársins 2023. Þátttaka hjá leikskólanum var mjög góð og fengum við viðurkenningu sem fyrirmyndarstofnun (25-49 starfsmenn) Gullborg í 5. Sæti. Sýnir þetta að við erum á góðum stað varðandi starfsumhverfi, stjórnun og almenna líðan starfsfólks í vinnu.

Helstu niðurstöður - Þættir

Leikskólinn Gullborg



Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við Reykjavíkurborg og starfsstöðva á sama sviði



3. UMBÓTAÁÆTLUN LEIKSKÓLANS 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðf erðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Árangursríkir stjórnunar-hættir	Góðum árangri í stjórnun	Deila ábyrgð, stuðla að vellíðan kennara og barna, góð samskipti.	Leikskóla- stjóri, aðstoðar- leikskólastjór i, sérkennslu- stjóri og deildastjóra	Ágúst 2024	Á alltaf við	Starfsman nakönnun , foreldrafu ndir og starfsman nfundir.	Að í leikskólan um ríki jafnræði og lýðræði og samvinna sem stuðli að almennri vellíðan í starfi og til barna.
Uppeldis- og menntastarf							
Leikurinn /Próunarverke fni	Að leikurinn sé námsleið fyrir börn, stuðla að þátttöku kennara í leik.	Erasmus samstarf við HÍ, SFS, Ægisborg Laugasól Granda- borg	Leikskólastjór i, aðstoðar- leikskólastjór i og deildarstjórar	Haust 2024	Maí 2025	Skráninga r, samræðu r á milli starfsfólks og annara sem taka þátt í verkefnin u.	Auka þekkingu starfsfólks s á leik barna og efla þátttöku þess í leiknum



Fataklefi/ Unicef	Afslappað umhverfi fyrir börnin í fataklefan um.	Lýðræði barna í forgrunni og vellíðan þeirra	Allir starfsmenn	Ágúst 2024	Á alltaf við	Skráning deildafundir	Að starfshættir okkar taki mið af barnasáttmálanum.
Mannauður/ Leikskóla- bragur	Að vellíðan starfsfólks að á leikskólan um starfi áhugasamir kennarar	Með því að deila ábyrgð, lærdómssamfélagi, jákvæðni	Allir starfsmenn	Ágúst 2024	Á alltaf við	Starfsman- nakönnun og aðrir almennir fundir á leikskólan um	Allt starfs-fólk vinni saman að sameiginlegu markmiði.



4. INNRA MAT DEILDA

4.1 INNRA MAT REGNBOGADEILDAR.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Viðhorf og hlutverk starfsfólks	Vera til staðar í leik barnanna og taki þátt	Starfsfólk prófi sig áfram í þátttöku í leik. Taki að sér ólík hlutverk	Allir starfsmenn deildarinnar	Á alltaf við		Samtal á deildarfundum	Betri yfirsýn yfir nám og þroska barna
Leikurinn áherslur	Að leikurinn fái meira rými og tíma	Passa upp á næði barna í leik Horfa í styrkleika hvers barns	Allir starfsmenn deildarinnar	Á alltaf við		Samtal á deildarfundum og í daglegu starfi, rýnihópar barna	Fjölga tækifærum fyrir flæði hjá börnunum
	Að auka fjölbreytni í leik barnanna	Að glæða leikinn meira lífi með fjölbreyttari efnivið	Allir starfsmenn deildarinnar	Á alltaf við		Samtal á deildarfundum, í daglegu starfi og rýnihópar barna	Auka námstækifæri barnanna í gegnum leikinn
Skráningar - ferilmöppur	Að lámarki ein einstakling og ein	Ákveða fyrir fram skráningastuðndir og/eða grípa tækifæri,	Allir starfsmenn deildarinnar	Í upphafi vetrar		Fara yfir skráningar á deildarfundum. Nota möppur í	Samfella í skráningu á milli deilda og heildarsýn yfir



	hópskráning á vetri	nota ljósmyndir				foreldraviðtölum	þroska, nám og líðan.
	Aukin aðkoma barna að ferilmöppum sínum	Hafa möppur aðgengilegar börnum og hafa þau meira með í skráningum og hvað fer í möppurnar	Allir á deildinni	Á alltaf við		Fara yfir á deildarfundum og í samtölum við börnin	Börnin meðvitaðri um námsitt og getu sína til að hafa áhrif á það
Málörvun	Aukin þekking barna á tungumálinu og beitingu þess	Æfa og lesa þyngri texta í söng og bókalestir. Lubbastundir og æfingar í hljóðkerfisvitund	Allir starfsmenn deildarinnar	Á alltaf við		Ræða á deildarfundum, Hljóm-2 skymun.	Börnin öðlist betri og sterkari málþroska og hafi tilfinningu fyrir tungumálinu.
Barnasáttmálinn	Viðhalda réttindaskóla viðurkenningu	Vera með virkt réttinda-ráðbarna og vinna með verkefnaheftið	Allir starfsmenn deildarinnar	Í upphafi skólaárs		Samtöl og rýnihópar barna. Deildarfundir	Að börnin öðlist skilning á réttindum sínum og kunni skil á grundvallamann réttindum



4.2 INNRA MAT GRÆNU DEILDAR

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Markviss málörvun	Að efla hljóðkerfis- og málvitund barna.	Vinna markvisst með málörvun með því að lesa, syngja spila og leika með börnunum. Vinna með Lubba.	Allir starfsmenn.	Sep t.	Maí	Umræður á deildarfundum.	Aukinn málþroski barna á deildinni.
Barnasáttmálinn	Auka þekkingu barna á réttindum sínum og gera barnasáttmálann sýnilegri á deildinni.	Vinna markvisst með Barnasáttmálann og nota verkefnaheftið.	Deildastjóri og umsjónarmáður verkefnisins.	Sep t.	Maí	Skráningar og stöðumat.	Að börnin öðlist skilning á réttindum sínum og kunni skil á grundvallar mannréttindum. Skráningar í ferilmöppur.



Skráningar-ferilmöppur	Að gera skráningar reglulega.	Setja niður hvaða skráningar við viljum hafa í möppunum.	Allir starfsmenn.	Sep t.	Maí .	Fara yfir á deildarfundir.	Heildar yfirsýn yfir þroskaferli og nám barna í leikskólanum.
Deildarfundir	Að halda deildarfundir reglulega.	Að deildarfundir séu haldnir 2 sinnum í mánuði. Þar sem starfsfólk fær tækifæri til að ræða starf deildarinnar	Deildarstjórir.	Sep t.	Maí	Fundargerðir.	Starfsfólk hafi aðgang að fundargerðum.
Hlutverk kennara í leik	Að starfsfólk taki virkan þátt í leik barna.	Starfsfólk prófar að taka ólík hlutverk í leik barna.	Allir starfsmenn.	Sep t.	Maí	Samræður á deildarfundum.	Starfsfólk verður öruggara að taka hlutverk í leik barna.



4.3 INNRA MAT RAUÐA DEILD.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Barnasáttmálinn	Aukin þekking barna á réttindum sínum	Markviss vinna tengd Barnasáttmálanum. Nota verkefnahefti. Starfsfólk tileinkar sér hugtök úr barnasáttmálanum í daglegu starfi.	Deildarstjóri og umsjónarmaður verkefnisins	Septem ber	Maí	Skráningar og stöðumat.	Að börnin öðlist skilning á réttindum sínum og kunni skil á grundvallar mannréttindum. Skráningar í ferilmöppum um verkefnið.
Málörvun	Efla hljóðkerfis- og málvitund barna	Markviss vinna með Lubba í Lubbastundum, málörvun í gegnum leik, spil, lestur bóka og önnur fjölbreytt málörvun.	Allir starfsmenn	Septem ber	Maí	Umræður á deildarfundum og skráningar.	Fjölbreytt málörvun. Aukinn málþroski.
Skráningarferilmöppur	Að gera skráningar reglulega.	Setja niður hvaða skráningar við viljum hafa í möppunum.	Allir starfsmenn.	Sept.	Maí	Fara yfir á deildarfundum.	Heildar yfirsýn yfir þroskaferli og nám barna í leikskólunum.



Hlutverk kennara í leik barna	Að starfsfólk taki virkan þátt í leik barna	Starfsfólk prófar að taka ólík hlutverk í leik barna. Starfsfólk prófar sig áfram í að taka hlutverk í hlutverkaleiknum.	Allir starfsmenn	Septem ber	Maí	Samræður á deildarfundum. Skráningar.	Starfsfólk verður öruggara að taka hlutverk í leik barna. Getur lesið í leikinn og áttað sig á hverskonar hlutverk sé hægt að taka í leiknum hverju sinni.
Reglulegir deildarfundir	Deildarfundir settir í forgang	Deildarfundir séu haldnir 2x í mánuði. Á deildarfundir séu skipulagðir af deildarstjóra og þar fái starfsfólk tækifæri til að tala saman um starf deildarinnar.	Deildarstjóri	Septem ber	Maí	Fundargerðir deildarfundanna.	Fundargerðir eftir deildarfundir séu tiltækar. Voru fundir haldnir?



4.4 INNRA MAT BLÁA DEILD

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Efla málþroska barnanna og hljóðkerfisvitund þeirra	Málörvun í gegnum leik barna, lestur bóka, söngur í samverustundum og spil. Einnig hafa skipulagðar Lubba stundir.	Allir starfsmenn deildarinnar	Septemember	Mai	Umræður á deildarfundum	Aukinn málþroski barnanna.
Barnasáttmálinn	Gera vinnu barnasáttmálans sýnilegri á deildinni ásamt því að upplýsa börnin um þeirra réttindi.	Markvissvinna með barnasáttmálann á deildinni. Verkefnaheftið notað bæði fyrir verkefni sem og fyrir hugmyndir að umræðum með börnunum	Deildarstjóri og sástarsmaður sem er umsjónarmaður Barnasáttmála verkefnisins á deildinni	Septemember	Mai	Skráningar og stöðumat	Að börnin geri sér grein fyrir réttindum sínum og mannréttindum. Skráningar tengdar barnasáttmálanum í ferilmöppum barnanna.



Ferilmöppur og skráningar	Gera skráningar í ferilmöppum reglulegri	Kynna ferilmöppur fyrir börnunum og fá þau til að taka þátt í því sem í þær fer. Fara yfir hvaða skráningar við viljum að fari í ferilmöppur og spyrja hvað börnin vilja setja í þær.	Deildarstjóri fer með ábyrgð en allir starfsmenn deildarinnar meðvitaðir um ferilmöppurnar og tækifærin til þess að setja skráningar í þær	Septemember	Maí	Umræður á deildarfundum	Heildar yfirsýn yfir þroskaferli og nám barna í leikskólanum.
Hlutverk kennara í leik barna	Starfsfólk taki virkan þátt í leik barna	Starfsfólk taki sér hlutverk í hlutverkaleik barna og verði þátttakandi í þeirra leik.	Allir starfsmenn deildarinnar	Septemember	Maí	Umræður á deildarfundum. Skráningar	Starfsfólk verði öruggara að taka sér hlutverk í leik barnanna og geti lesið í leik þeirra.

4.5 INNRA MAT GULA DEILD

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
-----------------------------	---------------------	---------------------	--------	-------	-------	-------------------------	-------------------



Málörvun	Efla hjóðkerfis- og málvitund barna	Efla málþroska með því að lesa bækur, í leik barna, í gegnum söngstund og samveru. Bæta við skipulegri Lubbastundi r.	Allir starfsmen n deildarinn ar	Septem ber	Maí	Umræður á deildarfund um og skráningar.	Bæta málþroskan (auka orðaforða og hjálpa þeim að tjá sig)
Ferilmöppu r og skráningar	Gera skráningar oftar fyrir ferilmöppu rnar og fara reglulega yfir þær	Ákveða hvað við viljum að fari í möppurn ar og leyfa börnum að taka þátt í möppun um sínnum og spyrja hvað þau vilja hafa í þeim.	Deildastjór i með starfsmen n deildar fara yfir verkefni sem eiga fara í möppurna r og starfsmað urinn sem er með hvert verkefni sér um skráningar nar frá því.	Septem ber	Maí	Umræður á deildarfund um.	Heildar yfirsýn yfir þroskaferli og nám barna í leikskólanum.
Þáttakandi í leik barna	Taka meira þátt í leik barna og styðja hann	Búa til betri aðstæðu r fyrir ákveðin leik og hjálpa	Allir starfsmen n deildarinn ar	Septem ber	Maí	Fylgst með barnahópn um út veturinn og skráð hvernig	Efla sjálfstæði, félags- og málþroska



		þeim að halda áfram í leiknum				leikurinn gengur.	
Barnasáttmálinn	Kynna þeim inn á Barnasáttmálinn og vinna með þau.	Nota leikinn til að kynna hvað réttindi er og hvaða réttindi þau eiga	Allir starfsmenn deildarinnar	Septem ber	Maí	Í gegnum skráningar og stöðumat	Að börnin byrji að þekkja hvað réttindi er og viti að þau eiga réttindi. Skráningar tengdar barnasáttmálum í ferilmöppum barnanna.
Sjálfsþing	Sjálfsþing barna í daglegu starfi	Hvetja börnunum að gera hluti sjálfir (matsalur, fataklefi, útivera, klósettferðir)	Allir starfsmenn deildarinnar	Septem ber	Maí	Starfsfólk skráir árangur og breytingar yfir veturinn og aðstoðar börnin við að öðlast meira sjálfstæði.	Öll börn séu sjálfstæðari í daglegu starfi

5 INNRA MAT SÉRKENNSLU

Mat á sérkenntu 2023-2024

Skipulagning sérkenntu Hvernig var sérkenntan skipulögð;	Sérkennta fór alla jafna fram í hinu daglega starfi inni á deild og var menntun án aðgreiningar höfð í huga. Öll börn leikskólans
--	---



<p>Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?</p> <p>Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?</p> <p>Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>eru með einstaklingsnámskrá sem farið er eftir. Mikil áhersla er lögð á að barnið sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og fer nánast allur stuðningur fram innan barnahópsins, hvort sem er í minni eða stærri hópum. Í þeim tilfellum þar sem einstaklingsþjálfun hefur farið fram þá eru þær stundir skráðar eftir hvert skipti þar sem lögð er áhersla á ákveðna þroskaþætti. Starfsfólk sérkennslu notast við mismunandi skráningarform eftir því hvað unnið var með hverju sinni.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>EFI-2 er lagt fyrir öll börn á leikskólanum. Fyrsta fyrirlögn fer fram þegar þau ná 3 ára og 4 mánaða aldri. Ef endurtaka þarf fyrirlögn er það gert þegar þau eru 3 ára og 10 mánaða. Hljóm-2 er lagt fyrir öll börn í elsta árgangi leikskólans í lok september 2023. Hljóm-2 var lagt aftur fyrir þau börn sem komu út í slakri eða mjög slakri færni í lok janúar/byrjun febrúar. AEPS var notað í ákveðnum tilfellum í samvinnu við sérkennsluráðgjafa þjónustumiðstöðvar. Út frá þeim niðurstöðum voru markmið sett í einstaklingsáætlanir og unnið út frá þeim. Íslenski máhljóðamælirinn var notaður í ákveðnum tilfellum og ef þörf var á var haft samband við talmeinafræðinga þjónustumiðstöðvar fyrir frekari ráðleggingar. Íslenski þroskalistinn og smábarnalistinn voru einnig notaðir í ákveðnum tilfellum. Deildarstjórar leikskólans hafa fyllt út í TRAS fyrir öll börn leikskólans. Nýir deildarstjórar hafa bæst í hópinn sem þurftu að sitja TRAS námskeið svo það vantaði eitthvað uppá TRAS skráningu fyrir þetta skólaár sökum þessa.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað?</p> <p>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Við notumst mikið við námsefni sem nú þegar eru til í leikskólanum, hvort sem það er prentað efni, spil bækur eða annað. Í upphafi skólaárs voru keypt nokkur ný spil sem sérkennsla hefur nýtt sér. Einnig keyptum við Lubba-efnið sem hefur verið nýtt á öllum deildum.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Lok ið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gefðu 10	Að allt starfsfólk leikskólans	Að starfsfólk sé meðvitað um að vinna	Deildarstjóri og sérkennslustjóri	Ágúst 2024	Á allt af við	Metið í hverri viku með skráningarbl	Að allt starfsfólk tileinki sér Gefðu 10.



	tileinki sér Gefðu 10	með Gefðu 10. Hver og einn skráir hjá sér þegar viðkomandi hefur framfylgt sínum 10 mín. fyrir hvert barn.				öðum. Sérkennslustjóri heldur utan um skráningarblöð og veitir handleiðslu.	
Sjónrænt dagskipulag	Að sjónrænt dagskipulag sé sýnilegt inni á öllum deildum.	Samræma dagskipulag, svo allar deildir séu að notast við sömu myndir.	Deildarstjóri og sérkennslustjóri	Ágúst 2024	Á allt af við	Að dagskipulag verði sýnilegt innan veggja leikskólans.	Að allt starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi sjónræns dagskipulags.
Einstaklingsáætlanir	Að notast sé við einstaklingsáætlun í vinnu með börnum með stuðning.	Að unnin sé einstaklingsáætlun á 6-8 vikna fresti í samstarfi með foreldrum fyrir öll börn með stuðning.	Deildarstjóri og sérkennslustjóri	Ágúst 2024	Á allt af við	Metið á 6-8 vikna fresti með nýrri einstaklingsáætlun.	Að allt starfsfólk leikskólans ásamt foreldrum séu meðvituð um vinnu með einstaklingsáætlun.

6 INNRA MAT – BÖRN MEÐ FJÖLBREYTTAN TUNGUMÁLA- OG MENNINGARBAKGRUNN

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Deilist jafnt niður á deildir leikskólans.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er með grunnorðaforða á hverjum degi á öllum deildum. Til dæmis með lestri bóka, samskiptum við börnin, í fataklefa, við matarborð, í leik og í öllum athöfnum daglegs lífs. Við erum að byrja vinnu með bókina Orð eru ævintýri fyrir þau börn sem eru í málörvun. Einnig höfum við unnið með Gefðu 10. Það þarf hins vegar að taka það fastari tökum svo vinna með það verði enn markvissari og að unnið verði út frá styrkleikum og áhuga hvers barns fyrir sig.



Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Lestrar- og samverustundir eru á öllum deildum. Það þarf þó að taka umræðuna um að huga að því að lesa fyrir börn í minni hópum og að efni sem lesið er sé við hæfi þeirra barna sem stundina sitja. Auka þarf fræðslu um lestur almennt ásamt daglegum samskiptum svo starfsfólk sé meðvitaðra um t.d. val á bókum, lögum og því sem verið er að taka fyrir hverju sinni. Með betri þekkingu starfsfólks er auðveldara að bjóða uppá fjölbreyttara efni til að dýpka orðaforða.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Öll börn leikskólans eru með einstaklingsáætlun. Það þarf að hafa áætlunina markvissari svo hægt sé að vinna betur að framförum fjöltyngdra barna. Við höfum ekki náð að innleiða Hæfniramma svo þeir séu notaðir markvisst. Eftirfylgni hefur því meira verið í umræðuformi á fundum.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Hugað er að öllum þáttum máls í daglegu starfi. Það er þó vöntun á því að unnið sé markvisst að þessum þáttum inni á deild.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Fjölmenningsræmi	Stofna fjölmenningsræmi í leikskólanum	Fá það starfsfólk sem hefur áhuga á að vera í fjölmenningsræmi leikskólans	Sérkennslustjóri og leikskólastjóri	Ágúst 2024	Á allt af við		
Að innleiða Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla.	Að allt starfsfólk þekki Hæfniramma og tileinki sér vinnu með þá.	Að starfsfólk sé meðvitað um að vinna með hæfniramma	Deildarstjóri og sérkennslustjóri	Ágúst 2024	Á allt af við	Að matsblað sé útfyllt fyrir hvert og eitt barn sem búið hefur verið til fyrir hæfniramma	Að öll fjöltyngd börn séu með virkan hæfniramma sem leiðir til árangurs í íslensku.



Að unnið sé markvisst með orðaforða barna eftir aldri og getu.	Að orðaforði og tjáning barna aukist miðað við aldur barna.	Gefðu 10. Lestur bóka. Almenn samskipti. Íhlutun og samtöl í leik og starfi. Markvisst unnið með dýpkun orðaforða. Efla samvinnu við foreldra/forráðamenn.	Allt starfsfólk.	Ágúst 2024	Á allt af við.	Staða barns er metin í upphafsviðtali sem og foreldraviðtölum. Unnið út frá Hæfnirömmum meðal annars.	Að barn sýni framfarir.
--	---	--	------------------	------------	----------------	---	-------------------------

7 STARFSÞRÓUNARSAMTÖL OG FRÆÐSLA, SAMSTARF LEIKSKÓLA OG GRUNNSKÓLA.

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í október 2023 og mars 2024. Markmiðið með þróunarsamtölum er að starfsmenn setji sér markmið varðandi starfið sem þeir vinna á leikskólanum. Einnig hvernig þeim líður í starfi, hvernig þeir upplifa starfsandann, starfsaðstöðu og samskipti við aðra.

Fræðsla og þróun í starfi hefur verið mikil þar sem við erum að taka þátt í tveim stórum verkefnum. Erasmus+ þróunarverkefni: Leikur, nám og gleði. Í því verkefni erum við í samstarfi við leikskólann Ægisborg, Laugasól og Grandaborg ásamt fjórum leikskólum frá Stokkhólmi. Einnig er Anna Magnea Hreinsdóttir frá HÍ og Kristín Hildur Ólafsdóttir frá SFS með okkur í þessu verkefni. Við höfum verið á starfsfundum með þessum skólum í vetur. En við hittumst 13. September 2023 í Tjörninni, 11. Október 2023 í Grandaborg (Hagaborg), 8 nóvember 2023 í Gullborg, 17 janúar 2024 í Laugalækjaskóla, 7. Febrúar 2024 í Laugasól og 13. Mars 2024 í Skipholti. Við fengum heimsókn frá Svíþjóð í október 2023 og svo fóru þrír starfsmenn frá leikskólanum ásamt öðrum starfsmönnum frá hinum skólunum til Stokkhólms nú í apríl. Þetta verkefni mun halda áfram næsta skólaár og mun það efla þátttöku og fræðslu til starfsmanna um hlutverk þeirra í leik barna.

Leikskólinn varð réttindaskóli nú í júní og fengum við viðurkenningu frá Unicef sem réttindaskóli Unicef (barnasáttmálinn). Við höfum verið í samstarfi með fimm öðrum leikskólum ásamt Kristínu Hildi Ólafsdóttir frá SFS og Önnu Magneu Hreinsdóttir frá HÍ.



Samstarf Grandaskóla, Ægisborgar og Grandaborgar hefur verið í vetur og gengið mjög vel. Við höfum fengið til okkar 5.bekk frá Grandaskóla og svo hafa elstu börnin hjá okkur farið í skipulagðar heimsóknir í Grandaskóla. Þetta samstarf með Grandaskóla mun halda áfram næsta vetur.

8 FORELDRASAMVINNA

Foreldraráð í Gullborg er starfandi foreldraráð samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélags Gullborgar á haustin og skulu að lágmarki sitja þrjú foreldrar í ráðinu. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir um hlutverk og markmið leikskóla og nefnda sbr. 2. mgr. 4. gr., úr Aðalnámskrá leikskóla og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafélag er starfandi í Gullborg. Allir foreldrar eru meðlimir í foreldrafélagi Gullborgar. Á kynningafundum fyrir foreldra á haustin eru kosnir 2 fulltrúar foreldra af hverri deild, þeir kjósa sér formann, gjaldkera og ritara. Leikskólastjóri og einn starfsmaður sitja fundina eftir þörfum. Stjórn foreldrafélagsins fundar síðasta miðvikudag hvers mánaðar, eða með tölvupóst samskiptum og Facebook. Markmið félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunum barna, foreldra og starfsfólks og efla tengsl foreldra við leikskólann. Einnig að styðja við ýmis málefni varðandi starfsemina og standa að uppákomum sem eru börnum, foreldrum og starfsfólki til gagn og gamans. Kynningafundur fyrir foreldra á leikskólastarfinu veturinn 2024-2025 verða að hausti 2024 frá kl. 9.30-10.30. Leikskólastjóri, deildarstjóri og annað starfsfólk svara fyrirspurnum foreldra í formi skemmtilegra umræðna.



Skipulagsdagar 2024-2025

Fimmtudagur 22. ágúst 2024 skólasetning í grunnskóla starfsárið skipulagt.

Föstudagur 27. September 2024 starfsdagur með grunnskólanum (menntakvika),

Fimmtudagur 2. Janúar 2025 unnið hér í skólanum og foreldraviðtöl undirbúin.

Fimmtudagur 6. Febrúar 2025 sameiginlegur starfsdagur, dagur leikskólans.

Föstudagur 21. Mars 2025 unnið hér í skólanum og foreldraviðtöl undirbúin.

Mánudagur 5. Maí 2025 sameiginlegur með grunnskólanum.

Leikskóladagatal er í fylgiskjali.

Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs

10.2 Önnur fylgiskjöl. (leikskóladagatal). [Afrit af leikskóladagatal-2024-2025](#)

F. h. leikskólansGullborg.....

__Rannveig Anna Ólafsdóttir__ 25.06.2024 _____
Leikskólastjóri Dagsetning



Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025
Gullborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Stefán Karl Kristjánsson
Heiður Margrét Björnsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Gullborgar starfsárið 2023-2024 gerir engar athugasemdir við starfsáætlun leikskólans fyrir árið 2024-2025. Skólanámskrá liggur ekki fyrir á heimasíðu leikskólans þ.s. hún er í vinnslu. Foreldraráðið gerir því ráð fyrir að starfsáætlun taki mið af þeim áherslum sem liggja að baki skólanámskrá.

Faglegt utanumhald er með starfi og markmið um úrbætur færðar inn í starfsáætlun þar sem við á. Foreldrar skynja almennt ánægju barna og starfsfólks og hefur vel verið tekið í ábendingar um það



sem betur má fara. Leikskólastarfið er í sífelldri þróun og áréttar foreldraráðið mikilvægi þess að foreldrar fái að fylgjast með því sem gerist í leikskólanum og framgangi barna.

Að lokum þakkar ráðið fyrir samstarfið á yfirstandandi starfsári.

Heiður Margrét Björnsdóttir
Stefán Karl Kristjánsson



